



World Language Center · Et center for verdens sprog ·
Centro Linguistico Internazionale per gli studi di lingue e culture · ワールド・ランゲ
Centre mondial pour les langues · Мировой центр языков · World Language Center

Ársskýrsla 2012



Stofnun
VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn og starfsmenn.....	3
Starfssvið og hlutverk.....	5
Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar	6
Ráðstefnur	9
Málþing.....	12
Fyrirlestrar	17
Útgáfa fræðiritra	19
Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir	20
Aðrir viðburðir	21
Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	24
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	25
Starfsfólk	26
Miðlun rannsókna á árinu 2012	35

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult http://vigdis.hi.is/en/activity_reports

Umbrot: Anna María Benediktsdóttir

Mynd á forsiðu: Vinningstillagan í samkeppninni um byggingu fyrir Vigdísarstofnun

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja



Inngangur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun við Háskóla Íslands á sviði erlendra tungumála og menningar, þýðinga, samskipta á erlendum tungum og tungumálakennslu. Árið 2012 var ellefta starfsár stofnunarinnar og eins og sjá má á þessari ársskýrslu hefur starfsemin verið þróttmikil og margbreytileg. Efnt hefur verið til fjölda viðburða og stofnunin hefur fengið marga góða innlenda og erlenda gesti. Að venju hefur verið lögð áhersla á að miðla rannsóknum með því að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum og með útgáfu fræðiritra.

Fjölmarginir hafa styrkt stofnunina með beinum eða óbeinum hætti, auk þess sem starfsmenn hennar hafa hlotið umtalsverða styrki til rannsókna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Þá hefur frú Vigdís Finnbogadóttir verið stofnuninni ómetanlegur bakhjarl.

Stjórn og starfsmenn

Á árinu 2012 störfuðu 42 fræðimenn við stofnunina auk verkefnisstjóra. Á ársfundi SVF þann 11. maí tóku gildi nýjar reglur um starfsemi stofnunarinnar, en þær kveða á um að forseti Hugvísindasviðs skipi fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Félagar í SVF skulu tilnefna, á grundvelli kosningar á ársfundi, formann stjórnar, sem og þrjá meðstjórnendur og tvo til vara úr sínum röðum. Þá skal einn stjórnarmanna vera úr hópi doktorsnema á fræðasviðum stofnunarinnar.

Með nýju reglunum var fagråd lagt af. Fram að ársfundinum gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns stofnunarinnar og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Í fagráði sátu, auk þeirra, þau Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir, sem öll voru kosin til tveggja ára á ársfundi SVF vorið 2010.

Vorið 2012 tók við ný stjórn til þriggja ára, en hana skipa: Auður Hauksdóttir, formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Aleksandra Maria Cieslinka, doktorsnemi í þýðingafræðum, tilnefnd af Félagi doktorsnema. Sigurður Pétursson og Oddný G. Sverrisdóttir voru kjörin varamenn. Auður Hauksdóttir gegndi áfram starfi forstöðumanns.

Fagráðið kom saman fjórum sinnum á árinu og ný stjórn fimm sinnum. Í desember áttu starfsmenn fundi með alþjóðlegri ráðgjafanefnd, sem hefur verið stofnuninni til ráðuneytis um uppbyggingu Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur, Erlu Erlendsdóttur og Gauta Kristmannssyni. Á haustmisseri var Gauti erlendis í rannsóknaleyfi og tók Rebekka Þráinsdóttir sæti í ritnefnd í fjarveru hans.

Hrefna Ingólfssdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra fram til 1. júní, en þá tók Anna María Benediksdóttir við starfinu tímabundið eða til 1. september, þegar Guðrún Kristinsdóttir var ráðin verkefnisstjóri, en hún var valin til starfans úr hópi mikils fjölda umsækjenda.





Danska



Annemette Hejsted
lektor

Danska



Auður Hauksdóttir
dósent

Franska



Ásdís R. Magnúsdóttir
prófessor

Franska



Ásta Ingibjartsdóttir
aðjunkt

Enska




Birna Arnbjörnsdóttir
prófessor

Spænska



Erla Erlendsdóttir
dósent

Tungumálamiðstöð



Eyjólfur M. Sigurðsson
deildarstjóri

Franska



François Heenen
aðjunkt

Þýðingafraeði



Gauti Kristmannsson
prófessor

Kínverska



Geir Sigurðsson
dósent

Gríska / Latína



Geir P. Þórarinnsson
aðjunkt

Norska




Gro Tove Sandmark
sendikennari

Enska



Guðrún Björk
Guðsteinsdóttir
prófessor

Japanska



Gunnella
Þorgeirsdóttir
aðjunkt

Menntunarfræði



Hafdís Ingvarsdóttir
prófessor

Spænska



Hólmfríður
Garðarsdóttir
prófessor

Enska



Ingibjörg Ágústsdóttir
lektor

Franska



Irma Erlingsdóttir
lektor

Þýska



Jessica Guse
sendikennari

Kínverska



Jia Yucheng
sendikennari

Kínverska



Jón Egill Eyþórsson
aðjunkt

Enska



Julian Meldon
D'Arcy
prófessor

Japanska



Kristín Ísleifsdóttir
aðjunkt

Spænska



Kristín Guðrún
Jónsdóttir
aðjunkt

Sænska



Lars-Göran
Johansson
sendikennari

Kínverska



Liu Kailiang
sendikennari

Kínverska



Magnús Björnsson
forstöðumaður
Konfúsíusarstofnunar

Enska



Magnús Fjalldal
prófessor

Þýska



Magnús Sigurðsson
aðjunkt

Danska



Marlene Ørnstrup
Petersen
aðjunkt

Enska




Martin Regal
dósent

Ítalska



Michele Broccia
sendikennari

Þýska



Oddný G. Sverrisdóttir
prófessor

Enska



Pétur Knúttsson
dósent

Danska



Randi Benedikte
Brodersen
lektor

Rússneska



Rebekka Bráinsdóttir
aðjunkt

Gríska / Latína



Sigurður Pétursson
lektor

Ítalska



Stefano Rosatti
aðjunkt

Danska



Susanne Antoinette
Elgum
aðjunkt

Kínverska



Wang Xia
sendikennari

Enska



Þórhallur Eyþórsson
fræðimaður

Danska



Þórhildur Oddsdóttir
aðjunkt

Verkefnisstjóri



Anna María
Benediktsdóttir

Verkefnisstjóri



Guðrún Kristinsdóttir

Verkefnisstjóri



Hrefna Ingólfssdóttir





Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er aðildarstofnun Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál frá ýmsum sjónarhornum, en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltaka, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, t.d. enskar, þýskar, rússneskar og asískar bókmenntir, bókmenntir spænskumælandi landa og Norðurlandabókmenntir.
- Menningarfræði í tengslum við ákveðin málsvæði og í samanburði milli málsvæða í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra í atvinnulífi.
- Kennsla erlendra tungumála og þróun kennslugagna.
- Þýðingar, bæði bókmennta- og nytjapýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja fólk til vitundar um að fjölmennarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum og einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem nýta sér tungumálakunnáttu og menningarinnisæi standa betur að vígi á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á máltileinkun og tungumálakunnáttu á öllum sviðum þjóðlífsins og efla menningarmiðlun. Lögð er sérstök áhersla á miðlun upplýsinga um nýjungar í kennslu tungumála á öllum skólastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um tungumál og tungumálanám, samskipti á erlendum tungum og menningarfræði. Þetta hlutverk sitt rækir hún með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu fræðiritra og kennsluefnis. Stofnunin gefur út tímaritið *Milli mála* sem kemur út einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í krefjandi verkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki og stofnanir, ásamt menningar- og rannsóknasjóðum veitt styrki til að hrinda sérstökum verkefnum í framkvæmd. Starfsmenn hafa einnig hlotið styrki úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna sinna. Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um Styrktarsjóðinn má finna síðar í skýrslunni.

Auk þess að standa fyrir málþingum og fyrirlestrum var stofnunin aðili að þremur alþjóðlegum ráðstefnum á árinu. Í fyrsta lagi kom stofnunin að ráðstefnunni Art in Translation þar sem fjallað var um ýmsa fleti á ritlist, bæði í fræðilegum erindum og listrænum gjörningum. Þá kom hún að ráðstefnunni *Homage to Elena Poniatowska* sem haldin var í tilefni íslenskrar þýðingar á skáldsögu eftir mexíkóska rithöfundinn og blaðakonuna Elenu Poniatowsku. Einnig stóð stofnunin fyrir ráðstefnunni *Lingua Nordica – Lingua Franca* þar sem fjallað var um rannsóknir á norrænum tjáskiptum, einkum hvað varðar það sem auðveldar eða torveldar tjáskipti á milli Norðurlandabúa.

Evrópski tungumáladagurinn var að venju haldinn hátíðlegur þann 26. september, að þessu sinni í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Máltækniisetur. Dagskráin bar yfirskriftina „Tungumál, tækni og tækifæri“ og fjallaði um hvernig ný þekking og tækni geta nýst í þágu tungumálanáms og samskipta á erlendum tungumálum.

Nánar verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2012 hér að aftan.



Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar

Á síðustu árum hefur verið ótullega unnið að því að koma á fót Vigdísarstofnun – alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar. Nýjar starfsreglur fyrir Vigdísarstofnun voru unnar og þær samþykktar af stjórn SVF þann 19. nóvember og af stjórn Hugvísindastofnunar 27. nóvember. Starfsreglur Vigdísarstofnunar má nálgast á www.vigdís.hi.is.

Á aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem fram fór í París í nóvember 2011 var samþykkt einróma að heimila að gerður yrði samningur milli UNESCO og ríkisstjórnar Íslands um að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar starfi undir merkjum UNESCO. Í þessu felst mikil viðurkenning á störfum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og mikilvægur stuðningur við framtíðaráform hennar. Reglur um starfsemi stofnunarinnar hafa nú verið sendar UNESCO og má vænta þess að samningur milli aðila um að Vigdísarstofnun starfi undir merkjum UNESCO verði undirritaður á fyrri hluta næsta árs.



Vinningshafar í samkeppni um hönnun nýrrar byggingar fyrir Vigdísarstofnun, ásamt frú Vigdísí Finnbogadóttur og Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands.



Nú er í undirbúningi að reisa byggingu fyrir Vigdísarstofnun og aðra starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu.

Á fundi háskólaráðs 7. apríl 2011 var samþykkt skipun byggingarnefndar SVF skv. tillögu Kristínar Ingólfssdóttur rektors. Formaður nefndarinnar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans skipa nefndina Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku og forstöðumaður SVF, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, doktorsnemi í almenntri bókmenntafræði. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands.

Í desember 2011 var efnt til hönnunarsamkeppni um bygginguna og bárust 43 tillögur frá 9 löndum. Niðurstöður voru kunngjörðar hinn 16. maí. Dómnefnd skipuðu: Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, formaður, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Halldór Gíslason, prófessor við Listaháskólann í Osló, arkitekt FAÍ, og Helgi Mar Hallgrímsson, arkitekt FAÍ. Að vinningstillögunni stóðu þeir Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjalti Parelíus, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson frá arkitektastofunni arkitektur.is. Í umsögn dómnefndar um verðlaunatillöguna segir meðal annars: „...helstu kostir tillögunnar eru ágæt tengsl við umhverfið og góð innbyrðis tengsl í byggingunni. Innri rými hverfast um opið miðrymi sem tengir allar hæðir hússins og eru góð sjónræn tengsl milli hæða.“

Hönnunarvinna hófst sl. sumar og er áætlað að verklegar framkvæmdir geti hafist á næstu misserum.



Inga Jóna Þórðardóttir, formaður dómnefndar.





Viljayfirlýsing um samstarf um Vigðisastofnun

Í nóvember 2012 undirrituðu rektorar Háskólans í Bergen, Tækniháskólans í Brándheimi (NTNU) og Háskóla Íslands, ásamt forsvarsmönnum Hordaland Fylkeskommune og Nynorsk Kultursentrum, viljayfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu Vigðisastofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Samstarfið tekur til áráanna 2013 og 2014 og í viljayfirlýsingunni er sérstök áhersla lögð á mikilvægi norsk-íslenskra og norrænna tungumála- og menningarránsókna. Kveðið er á um skipun starfshóps, en í honum eigi sæti fulltrúar frá framangreindum stofnunum, ásamt sendilektor í norsku við Háskóla Íslands og lektor í íslensku við Háskólann í Bergen.

Alþjóðlega ráðgjafanefndin

Á undanförunum árum hefur Stofnun Vigðisar Finnbogadóttur notið fulltingis alþjóðlegrar ráðgjafanefndar, sem hefur verið henni til ráðuneytis um uppbyggingu alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvarinnar. Ráðgjafanefndin er skipuð fjórum virtum fræðimönnum, þeim Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, prófessor og forstöðumanni við Max Planck Institut í Leipzig, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, og Peter Austin, prófessor við SOAS við Lundúnaháskóla. Dagana 6. og 7. desember átti nefndin fundi með starfsfólki Stofnunar Vigðisar Finnbogadóttur að Bernard Comrie undanskildum, sem forfallaðist vegna veikinda. Á fundunum, sem voru fjölsóttir, fengu starfsmenn SVF kærkomið tækifæri til að kynna og ræða áætlanir um eflingu ránsókna og framtíðarstarf stofnunarinnar.



Ráðstefnur

Art in Translation: Alþjóðleg ráðstefna um tungumál og listir

Ráðstefnan Art in Translation var haldin dagana 24.–26. maí. Ráðstefnan, sem var fjölsótt, var haldin í samvinnu Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Listaháskóla Íslands og Manitóbaháskóla, ásamt Norræna húsinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og Listahátíð í Reykjavík. Markmiðið með ráðstefnunni, sem haldin er á tveggja ára fresti, er að skapa þverfaglegan vettvang fyrir fræðimenn, listamenn og almenning til að skoða tengingar milli tungumáls og ýmissa listforma. Í þetta sinn var leitað nýrra strauma í ritlist, einkum þegar hún tengist öðrum listformum eða sameinar þau.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Abé Mark Nornes, prófessor við University of Michigan: „Translating Calligraphy“.
- Calum Colvin, ljósmyndari og myndlistarmaður: „Ekphrasis“.
- Robin Hemley rithöfundur: „Lines That Create Motion“.

Aðrir fyrirlesarar voru hátt á fjórða tug innlendra og erlendra fræðimanna og listamanna.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, setti ráðstefnuna, en auk hennar fluttu Max Dager, forstjóri Norræna hússins, og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, ávarp.

Ráðstefnan var styrkt af Norræna menningarsjóðnum og Rannsóknasjóði Hugvísindasviðs.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þau Guðrún Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, aðjunkt við Listaháskóla Íslands, Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræðum, Rúnar Helgi Vignisson, dósent í ritlist, Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður íslenskudeildar Manitóbaháskóla, og Æsa Sigurjónsdóttir, lektor í listfræði, auk Hrefnu Ingólfssdóttur, verkefnisstjóra SVF. Sjá nánar á www.vigdís.hi.is.



Frá setningu alþjóðlegru ráðstefnunnar Art in Translation í Norræna húsinu þann 24. maí.



Homage to Elena Poniatowska: Alþjóðleg ráðstefna um mexíkóska rithöfundinn Elenu Poniatowsku



Elena Poniatowska.

Alþjóðleg ráðstefna um rithöfundinn og blaðakonuna Elenu Poniatowsku var haldin þriðjudaginn 11. september í Norræna húsinu í samvinnu Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Deildar spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO.

Tílefni ráðstefnunnar var útgáfa skáldsögunnar *Jesúsa* hjá Forlaginu í þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur og hófst hún með hátíðardagskrá í Iðnó í boði Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO. Aðalfyrirlesari í Iðnó var rithöfundurinn Elena Poniatowska en auk hennar héldu erindi þau Friðrik Steinn Kristjánsson, ræðismaður Spánar á Íslandi, Margrét Njarðvík, vararæðismaður Spánar á Íslandi, og María Rán Guðjónsdóttir þýðandi. Þórey Kristjánisdóttir las kafla úr bókinni.

Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var Ástráður Eysteinnsson prófessor. Erindi hans bar yfirkriftina „Iceland as a Place of Translation“.

Aðrir fyrirlesarar voru:

- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku: „Poniatowska og bókmenntasaga kvenna“.
- Claudia Parodi, prófessor við Kaliforníuháskóla í Los Angeles: „Los Méxicos de Leonora de Elena Poniatowska“.
- Sara Poot Herrera, prófessor við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara: „Elena Poniatowska y sus sagas mexicanas“.
- Suzanne Jill Levine, prófessor við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara: „Translating Literary Latin America“.
- Viola G. Miglio, dósent við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara: „Hasta no verte, Salka mía: A Translation Studies Approach“.
- Iliana Alcántar, lektor við Queens College í New York: „Elena Poniatowska y los estudios de género“.
- Nathaniel Gardner, lektor við Háskólann í Glasgow: „Hasta no verte, Jesús mía – Initial Reactions to Recent Developments“.
- Ana Bundgaard, dósent við Háskólann í Árósum: „Tinísima: memoria, historia, e intimidad“.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þær Viola G. Miglio, Sara Poot Herrera og Hólmfríður Garðarsdóttir auk Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Ráðstefnan var styrkt af ræðismannsskrifstofu Spánar á Íslandi, sendiráði Mexíkós í Danmörku, Barandiaran Chair of Basque Studies við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, UC Mexicanistas rannsóknarhópi við Kaliforníuháskóla, Forlaginu, Deild spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Sjá nánar á www.vigdis.hi.is.





Lingua Nordica – Lingua Franca

Alþjóðleg ráðstefna á vegum rannsóknanetsins Lingua Nordica – Lingua Franca, sem Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir, var haldin dagana 8.–9. október í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

Frummælendur voru:

- Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku: „Fraser anskuet kontrastivt“.
- Birgit Henriksen, dósent við Kaupmannahafnarháskóla: „Kollokationer i et kontrastivt perspektiv“.
- Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum: „Forskningsmetoder og lingua franca“.
- Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen: „Ordforråd i et kontrastivt perspektiv“.
- Hjalmar Petersen, lektor við Fróðskaparsetur Føroya: „Kontakt mellem beslægtede sprog, færøsk og dansk“.
- Jan Heegård Petersen, nýdoktor við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn: „Udtale på dansk, svensk og norsk anskuet kontrastivt“.
- Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla: „Den nordiska språkgemenskapen – Några pragmatikinriktade studier“.
- Karen Lund, prófessor við Háskólann í Árósum: „Sociokulturel og grammatisk kompetence i et kontrastivt perspektiv“.
- Nina Møller Andersen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla: „Når vi mixer på nordisk – Forskellingsprogethed (heteroglossia) i skriftlige internordiske tekster“.
- Ola Knutsson, lektor við Stokkhólmsháskóla: „Att lära sig ämnesspråk i och utanför de designade virtuella lärmiljöerna“.
- Peter Juel Henriksen, lektor við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn: „De nordiske attituders prosodi“.
- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku: „Sprogmixning og andre tilpasningsstrategier i internordisk kommunikation“.
- Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla: „Metode og nabosprogsforståelse“.
- Torbjørg Breivik, ráðgjafi hjá Málráði Noregs: „Elektronisk nordisk ordbog for børn“.
- Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku: „Ordforråd på tværs af de nordiske sprog“.

Skipulagning og framkvæmd ráðstefnunnar var í höndum Auðar Hauksdóttur og Önnu Maríu Benediktsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Styrktaraðili ráðstefnunnar var Norræn samstarfsnefnd um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS–HS). Sjá nánar á www.vigdis.hi.is.

Ráðstefna um aðferðafræði við rannsóknir á norrænum tungumálum

Dagana 30. nóvember og 1. desember stóð samstarfsnetið Lingua Nordica – Lingua Franca fyrir ráðstefnu við Uppsalaháskóla, þar sem fjallað var um rannsóknir og rannsóknnaaðferðir í skyldum málum.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Charlotte Gooskens, prófessor við Háskólann í Groningen: „Lingvistiske og ikke-lingvistiske faktorerens betydning for den indbyrdes forståelse mellem nært beslægtede sprog“.
- Anna Mauranen, prófessor við Helsinkiháskóla: „English as a Lingua Franca – Issues for the Linguist“.
- Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla: „Talspråk och multimodal kommunikation“.



Málþing

Að venju stóð stofnunin fyrir málþingum þar sem fjallað var um ýmis viðfangsefni á fræðasviðum stofnunarinnar.

Vormisseri

Málþing um ensku á Íslandi

Málþing um hlutverk ensku á Íslandi var haldið á Háskólatorgi fimmtudaginn 16. febrúar.

Frummælendur voru:

- Ásrún Jóhannsdóttir doktorsnemi: „English is Fun! Exposure and Lexical Knowledge of 4th Grade Students in Iceland“.
- Samuel Lefever, dósent í kennslufræði erlendra tungumála: „English Learning and Language Use in Grade 10: Students' Views“.
- Anna Jeeves doktorsnemi: „The Relevance of English at Secondary School: Perceptions, Proficiency, and Use“.
- Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Hafdis Ingvarsdóttir, prófessor í kennslufræði erlendra tungumála: „English in Academia – The Effects of English Use on Teaching, Learning and Scholarship in Iceland“.



Málþing um ensku á Íslandi.



Birna Arnbjörnsdóttir.



Töfraraunsæið í Rómönsku Ameríku: Klassik eða klisja?

Málþing um bókmenntir frá Rómönsku Ameríku var haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins föstudaginn 2. mars á vegum námsleiðar í spænsku og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Málþingið var haldið til að vekja athygli á fjölbreytni bókmennta frá löndum Rómönsku Ameríku og hvetja til umræðna um þær.

Framsögumenn voru:

- Einar Már Guðmundsson rithöfundur: „Vesalings veruleikinn!“
- Eiríkur Guðmundsson útvarpsmaður og rithöfundur: „Roberto Bolaño og kapphlaupið við dauðann“.
- Hermann Stefánsson rithöfundur og þýðandi: „Castellanos Moya: Skáldsagan *Fásinna* og sóknin gegn töfraraunsæinu“.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku: „Löskuð ímynd karlhetjunnar og óbeislað hugarflug gaf konum byr í seglin“.
- Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku: „Frá Macondo til McOndo. Sögulegt yfirlit“.
- Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi: „Skáldskapur og raunveruleiki í verkum Vargas Llosa“.

Málþingið var afar vel sótt. Erindin voru hljóðrituð og var köflum úr þeim útvarpað í þættinum „Í heyranda hljóði“ á Rás 1 dagana 27. mars og 3. apríl. Skipulagning málþingsins var í höndum Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur, aðjunkt í spænsku.



Framsögumenn á málþinginu.



Hugvísindaping

Hugvísindaping var haldið föstudaginn 9. mars og laugardaginn 10. mars.

Fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur tóku þátt í eftirfarandi málstofum:

- Charles Dickens í 200 ár
- New Perspectives on Italian Language and Culture
- „Sögu skal ég segja þér“ – Smásögur frá ýmsum heimshornum
- RÍMfræði – málstofa á vegum Rannsóknastofu í máltileinkun
- Öndvegisverk og vegamót í norrænum bókmenntum
- Minni – tráma – frásögn

Nánar má lesa um málstofurnar og um aðkomu einstakra fræðimanna á Hugvísindapingi á heimasíðu SVF og í kaflanum Miðlun rannsókna síðar í ársskýrslunni.

Málping um þýðingaryni

Málping um bókmenntaþýðingar fór fram laugardaginn 14. apríl að Neshaga 16. Meistaraneinar í þýðingafræði fóru yfir þýðingar verka af og á íslensku og rýndu í kosti og galla þeirra. Alls voru fluttir 15 fyrirlestrar.

Málping á ítölsku

Efnt var til málþings 8. og 9. maí í Nýja-Garði á vegum námsleiðar í ítölsku og SVF. Claudio Giunta, prófessor í ítölskum bókmenntum við Università di Trento, flutti fyrirlestra sem báru yfirskriftina „Elio e le Storie Tese e altra letteratura che fa ridere“ og „Machiavelli e l' 'uso' dei libri degli antichi storici“.

Haustmisseri

Evrópski tungumáladagurinn

Að venju var evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur þann 26. september, í þetta sinn undir yfirskriftinni „Tungumál, tækni og tækifæri“. Efnt var til málþings í Hátíðasal háskólans í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Máltæknisetur.

Á málþinginu var fjallað um hvernig ný þekking og tækni geta nýst í þágu tungumálanáms og samskipta á erlendum tungum.

Athöfnin hófst með því að nemendur Fellaskóla ávörpuðu hátíðagesti með kveðju á móðurmáli sínu og sungu vögguvísu á litháísku undir stjórn Guðna Franzsonar.



Nemendur í Fellaskóla á evrópska tungumáladeginum í Hátíðasal Háskóla Íslands.



Frummælendur voru:

- Auður Torfadóttir, formaður starfshóps um nýja námskrá og fyrirverandi dósent í ensku við Kennaraháskóla Íslands: „Erlend tungumál í nýrri námskrá grunnskólans“.
- Brynhildur Ragnarsdóttir, formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi og deildarstjóri Tungumálavars grunnskólanna: „Notkun nýrra samskiptamiðla til að auka áhuga ungmenna á erlendum tungumálum“.
- Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönskum fræðum: „Leiklist og tjáning í tungumálakennslu. Af hverju ekki?“
- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði og stjórnarformaður Máltækniseturs: „Málskýrslur META–NET: 30 Evrópumál og staða þeirra í stafrænum heimi“.
- Árný Guðmundsdóttir, ritstjóri vefsins SignWiki: „Þróun SignWiki, þekkingarbrunnur um táknmál fyrir vef og farsíma“.
- Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar: „Viðbrögð Neyðarlínunnar við fjölbreytileika tungumála“.

Hátíðina setti Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, og fundarstjóri var Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Frú Vigdís Finnbogadóttir heiðraði hátíðina með nærveru sinni.

Veg og vanda af skipulagningu málþingsins höfðu þær Anna María Benediktsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjórar SVF, en skipulagning og framkvæmd tungumálaleiksins var í höndum Önnu Maríu Benediktsdóttur og Birnu Arnbjörnsdóttur, prófessors í annarsmálsfræðum.

Tungumálaleikur á Facebook

Í tilefni evrópska tungumáladagsins þann 26. september var hrundið af stað tungumálaleik á Facebook og naut hann mikilla vinsælda. Um 1400 manns skoðuðu myndskreiðið þar sem geta átti sér til um hvaða tungumál voru töluð og um 120 manns sendu inn tillögur sínar. Einnig tóku fjölmargir þátt í leiknum „Hvert er uppáhaldsorð þitt á útlensku?“ Ríflega 1000 manns skoðuðu myndbandið og rúmlega 80 manns sendu inn tillögur sínar. Þá er ótalið að myndskreiðin fengu einnig ágætis áhorf á YouTube.

Dagskrá tungumáladagsins var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



Nokkrir þátttakendur og vinningshafar í tungumálaleik SVF.





Málþing um gerð stöðuprófa í erlendum tungumálum

Málþing um gerð stöðuprófa í erlendum tungumálum var haldið mánudaginn 22. október í Árnagarði. Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönskum fræðum, Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, og Eyjólfur Már Sigurðsson, deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar, ásamt öðrum þátttakendum starfshóps í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, fjölluðu um hlutverk og gerð leiðbeinandi stöðuprófa. Greint var frá stöðuprófum í erlendum tungumálum sem lögð voru á haustdögum fyrir nýnema í dönsku, þýsku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.

Talfærni í erlendum tungumálum: Reynslan frá Tübingen

Hinn 2. nóvember var efnt til kynningar í Nýja-Garði á tveggja vikna talfærninámskeiði í Tübingen-háskóla í Þýskalandi, en það stendur nemendum á öðru misseri þýskunáms til boða. Fjallað var um skipulag og innihald námskeiðsins og rætt um hvort námskeiðið mætti nota sem fyrirmynd við kennslu annarra tungumála.

- Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, kynnti aðdraganda, samstarfsaðila og uppbyggingu námskeiðsins.
- Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, fjallaði um möguleika á að nota Tübingen sem fyrirmynd í kennslu í öðrum tungumálum á háskólastigi.
- Guðrún Birgisdóttir, alþjóðafulltrúi Hugvísindasviðs, kynnti möguleika á skiptinámi í tungumálanámi.



Svípmyndir frá Tübingen í Þýskalandi.

Örsagan: Bókmenntaform samtímans?

Í tilefni þess að Enrique del Acebo Ibáñez, rithöfundur og prófessor við Salvador-háskólann í Buenos Aires í Argentínu, var staddur hér á landi, stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir kynningu á verkum hans með hádegisfyrirlestri mánudaginn 12. nóvember í Odda. Þar flutti Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, inngang þar sem hún fjallaði í stuttu máli um sögu og einkenni örsögunnar sem bókmenntaforms í Rómönsku Ameríku. Síðan flutti Enrique del Acebo Ibáñez erindi um verk sín og tilurð þeirra. Að því búnu las Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, þýðingar sínar á örsögum Ibáñez og að lokum las Kristín Guðrún Jónsdóttir þýðingar sínar úr nýútkomnu örsagnasafni, *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur*, eftir Augusto Monterroso frá Gvatemala. Ibáñez flutti erindi sitt á ensku en annað fór fram á íslensku. Erindin voru hljóðrituð og þeim útvarpað í heild sinni í þættinum „Orð um bækur“ á Rás 1 sunnudaginn 18. nóvember.

Ítölsk mósaík II: Fyrirlestrar um tengsl Ítalíu við hafið í sögu, bókmenntum og listum

Námsleið í ítölsku og SVF stóðu fyrir fyrirlestrum fimmtudaginn 15. nóvember í Odda í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar. Fyrirlestrararnir báru yfirskriftina Mosaico Italiano II, með tilvísan í svipaðan viðburð á síðasta ári. Þemað í þetta sinn var „Liguria, Toscana, Sardegna e il Mare nella Storia, nella Letteratura e nell'Arte“.

Á dagskránni fjölluðu þeir Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, Michele Broccia, sendikennari í ítölsku, og Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku, um heimahéröð sín, Lígúríu, Toskana og Sardiníu, og tengsl þeirra við hafið eins og þau birtast í sögu héraðanna, bókmenntum þeirra og myndlist.



Fyrirlestrar

Vormisseri

- Christine Durban þýðandi: „Translation market(s) 2012 and beyond“. Oddi, 6. janúar.
- Kunteel Barua, túlkur hjá Evrópusambandinu: „Starf ráðstefnutúlka og kröfur til þeirra“. Neshagi 16, 25. janúar. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu Bandalags þýðenda og túlka á Íslandi og SVF.
- Alexandra Kuregej Argunova listakona: „Jakútía – Menning og siðir“. Rússneska sendiráðið, 21. febrúar. Fyrirlesturinn var liður í menningardagskrá á vegum námsleiðar í rússnesku, SVF og sendiráðs Rússneska sambandsríkisins.
- Brynja Stefánsdóttir cand.mag.: „Skandinavísk tungumál í norrænu samstarfi: Notkun, notagildi og viðhorf“. Oddi, 29. febrúar.
- Irina Kraeva frá Moskvuháskóla, félagi í samstarfsnetinu MULTIELE: „Þjóðartungur Rússlands og kenning þeirra“. Gimli, 22. mars.
- Steingrímur Þorbjarnarson: „Nám í Kína árið 1988 – Að kynnast landi sem er heimshluti og tungumáli sem er málheimur“. Lögberg, 30. mars. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.
- Ingunn Hreinberg þýðandi: „Olga Berggolts – List og menning í Leníngrad á tímum umsátursins“. Rússneska sendiráðið, 10. maí. Fyrirlesturinn var liður í menningardagskrá á vegum námsleiðar í rússnesku, SVF og sendiráðs Rússneska sambandsríkisins.
- Inosuke Hayasaki: „Kjarnorkuárásin á Nagasaki í ágúst 1945“. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands og Friðarþing íslenskra skáta 2012. Oddi, 8. ágúst.

Fyrirlestraröð á vegum námsleiðar í spænsku og SVF

- Daniel Vázquez, prófessor við Háskólann í Brno í Tékklandi: „Teatro postdramático en México: el caso de Legom“. Gimli, 11. apríl.
- Ivo Buzek, prófessor við Háskólann í Brno í Tékklandi: „En torno a un fantasma académico: chislama ‘muchacha’“. Gimli, 12. apríl.
- Victoria Urresti frá Háskólanum í Baskalandi: „Euskera – Tungumál Baska“. Gimli, 10. maí.
- Juan Pablo Mora, dósent við Háskólann í Sevilla: „El sexismo en la lengua española. Qué debería hacer el profesor de español como segunda lengua para intentar evitar que sus alumnos caigan en él?“ Gimli, 5. júní.



Haustmisseri

- Jørn Lund, prófessor og fyrrverandi forstöðumaður Det Danske Sprog- og Litteraturselskab: „Det danske sprogs udvikling fra 1900 til 2012“. Þjóðminjasafnið, 12. september.
- Sveinung Nordstoga og Petter Bjellås, lektorar við Háskólann í Þelamörk: „Tilhøvet bokmål – Nynorsk i det norske språksamfunnet. Nokre historiske og didaktiske perspektiv“. Aðalbygging Háskóla Íslands, 17. september.
- Anna Funder rithöfundur: „All That I Am“. Oddi, 24. september. Martin Regal, dósent í ensku, kynnti höfundinn og verk hans.
- Thomas Bauer, dósent við Háskólann í Limoges: „La sportive dans la littérature française des années folles“. Lögberg, 27. september.
- Birgit Henriksen, dósent við Kaupmannahafnarháskóla og fyrrverandi forstöðumaður Center for Internationalisering og Parallelsproglighed: „Meeting the Challenges of English Medium Instruction in Universities“. Háskólatorg, 5. október.
- Jessica Guse, aðjunkt í þýsku: „Poetry Slam in Class for Foreign Languages“. Oddi, 8. nóvember.
- Bart Dessein, prófessor við Gent-háskóla í Belgíu: „Mandate of Heaven“. Gimli, 12. nóvember. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.
- Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku: „Árstíðabundnar hátíðir í Japan“. Oddi, 15. nóvember.
- Joyce Kling Soren, kennari við Center for Internationalisering og Parallelsproglighed við Kaupmannahafnarháskóla: „Assessment Feedback as a Formative Tool“. Aðalbygging Háskóla Íslands, 20. nóvember.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum: „Riddarasagan í nútímanum“. Oddi, 22. nóvember.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum: „Fiktion – Løgn, leg eller kunstighed“. Oddi, 29. nóvember. Fjallað var um fyrirlesturinn í bókmenntaþættinum „Orð um bækur“ á Rás 1 sunnudaginn 2. desember.

Þá er ótalið að Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stóð fyrir fyrirlestraröð í samvinnu við Viðskiptafræðideild og aðrar deildir Háskóla Íslands.



Frá doktorsvörn Irmu Erlingsdóttur við Sorbonne-háskóla 14. mars. Ritgerð Irmu fjallar um franskar samtímabókmenntir, stjórnmál og menningarfræði.



Ástráður Eysteinnsson og Ásdís R. Magnúsdóttir samfagna doktor Irmu Erlingsdóttur.

Útgáfa fræðiritra

Þriðja hefti ársrits SVF, Milli mála

Þriðja hefti ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*, kom út á árinu, fyrir árið 2011. Þema heftisins er erlendar bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum og rita sjö fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur greinar í það. Sex af þessum sjö greinum eru þemagreinar en í þeirri sjöundu segir frá rannsókn á tungumálakennslu og aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum. Greinarnar eru skrifaðar á íslensku, ensku og ítölsku. Auk fræðigreinanna er einnig að finna nokkrar þýðingar í ársritinu.

Þeir fræðimenn SVF sem eiga greinar í þriðja hefti *Milli mála* eru: Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönskum fræðum, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Magnús Fjalldal, prófessor í ensku, Martin S. Regal, dósent í ensku, Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku. Ritstjórar bókarinnar eru Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi og Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku.

Yfir saltan mar

Bókin *Yfir saltan mar* kom út í tvímála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunnar. Í henni er að finna safn þýðinga á ljóðum argentínska ljóðskáldsins Jorge Luis Borges. Þýðingarnar hafa áður birst í blöðum og tímaritum og er þetta í fyrsta sinn sem þær eru teknar saman og gefnar út í heild sinni.

Ritstjórar bókarinnar eru Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi.

Fiktionens genrer. Teori og analyse

Út kom hjá danska forlaginu Samfundslitteratur bókin *Fiktionens genrer. Teori og analyse* eftir Annemette Hejlssted, lektor í dönskum bókmenntum. Í bókinni er lagður fræðilegur grunnur að aðferðum við að greina hvers konar skáldskap. Með því að beita formlegu sjónarhorni á skáldskap og skáldskapargreinar lýsir höfundur hvernig skáldskapur virkar í mismunandi greinum og beinir athygli lesandans að myndun skoðana og merkinga sem lesendum og almenningi birtist í skáldskap.

Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst. Om islændinges behov for danskundskaber under videreuddannelse i Danmark

Bókin *Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst. Om islændinges behov for danskundskaber under videreuddannelse i Danmark* kom út á árinu. Bókin er nr. 68 í ritröðinni Københavnerstudier i Tosprogethed, sem hugvísindasvið Kaupmannahafnarháskóla gefur út. Höfundur bókarinnar er Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Bókin byggist á rannsókn Auðar á dönskukunnáttu íslenskra námsmanna í Danmörku, þörf þeirra fyrir að nota dönsku og hvernig þeim gengur að nota málið til tjáskipta í námi sínu og í samskiptum við Dani yfirleitt. Einnig eru viðhorf þeirra til Dana og danskrar menningar könnuð og svara leitað við því hvaða augum námsmennirnir líta dönskukennsluna í íslenskum skólum í ljósi reynslu sinnar í Danmörku.

Rosa candida

Út kom hjá ítölsku útgáfunni Einaudi skáldsagan *Afleggjarinn* eftir Auði Övu Ólafsdóttur í þýðingu Stefanos Rosatti, aðjunks í ítölsku. Ítalskur titill bókarinnar er *Rosa candida*.

The Stones Speak

Út kom hjá Máli og menningu bókin *Steinarnir tala* eftir Þórberg Þórðarson í enskri þýðingu Julians Meldon D'Arcy, prófessors í ensku. Ensukur titill bókarinnar er *The Stones Speak*.





Histoire des Breagnes 3 : La Petite Saga de Tristan et autres sagas islandaises inspirées de la matière de Bretagne

Út kom á árinu hjá Centre de Recherche Bretonne et Celtique við Université de Bretagne Occidentale í Brest í Frakklandi bókin *Histoire des Breagnes 3 : La Petite Saga de Tristan et autres sagas islandaises inspirées de la matière de Bretagne*, í þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur, prófessors í frönskum fræðum, og Hélène Tétrel, lektors í frönskum miðaldabókmenntum við Háskólann í Brest. Um er að ræða hluta af verkefni þar sem unnið er að rannsóknum á miðaldabýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“. Í bókinni eru þýddar fjórar íslenskar riddarasögur á frönsku, *Ála flekks saga*, *Samsons saga fagra*, *Saga af Tristram* og *Ísodd* og *Vilmundar saga viðutan*. Útgáfan var styrkt af Bókmenntasjóði.

Beowulf at Kalamazoo: Essays on Translation and Performance

Bókin *Beowulf at Kalamazoo: Essays on Translation and Performance*, í ritstjórn Jönu Schulman og Paul Szarmach, kom út á árinu. Í bókinni er að finna m.a. umfjöllun eftir Pétur Knútsson, lektor í ensku, um Bjólfskviðubýðingu Halldóru Björnsson. Bókinni fylgir DVD-diskur með lestri úr fyrsta kafla kvæðisins á ýmsum tungumálum, þ.á m. lestri Vilborgar Dagbjartsdóttur á þýðingu Halldóru.

Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur

Hjá Bjarti kom út örsögusafnið *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur* eftir Augusto Monterroso í þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur, aðjunktis í spænsku. Bók Kristínar Guðrúnar var tilnefnd til íslensku þýðingaverðlaunanna 2012.

Alþjóðleg samstarfsnet um rannsóknir

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og allmargir starfsmenn hennar taka þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og samstarfsnetum. Slík verkefni njóta oft styrkja úr erlendum rannsóknasjóðum og gegna mikilvægu hlutverki í að efla alþjóðlegt samstarf og miðla þekkingu milli landa.

Lingua Nordica – Lingua Franca

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur nýtur styrks frá Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS–HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu Lingua Nordica – Lingua Franca, en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum, einkum því sem auðveldar eða torveldar tjáskipti á milli Norðurlandabúa. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, en aðrir í stjórn þess eru: Anna Mauranen, prófessor við Helsingiháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Árósháskóla, Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

campUSCulturae

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur tekur þátt í samstarfsnetinu campUSCulturae ásamt rannsóknastofnunum í fimm öðrum háskólum í jafnmörgum löndum Evrópu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa, sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Fulltrúi SVF í samstarfsnetinu er Gro Tove Sandmark, sendikennari í norsku.



Aðrir viðburðir

Japanshátíð

Japanshátíð var haldin í áttunda sinn á Háskólatorgi 28. janúar í samvinnu námsleiðar í japönsku, SVF og sendiráðs Japans á Íslandi. Kynnt voru ýmis atriði sem tengjast japönsku máli og menningu.



Frá Japanshátíðinni 28. janúar.

Okkar mál! – Alþjóðlegur móðurmálsdagur

Alþjóðlegi móðurmálsdagurinn var haldinn hátíðlegur 21. febrúar í samvinnu SVF, félagsins Móðurmáls, Tungumálatorgs, Borgarbókasafns Reykjavíkur, Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO. Af þessu tilefni var efnt til dagskrár í aðalsafni Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu.

Af hverju þýska?

Uppskeruhátíð þýskunnar fór fram 23. mars í Bíói Paradís í boði þýska sendiráðsins, Félags þýskukennara og námsleiðar í þýsku. Dagskráin hófst með pallborðsumræðum um þýsku og samskipti við þýskumælandi fólk. Þá voru afhent verðlaun í þýskukeppni framhaldsskólanna. „Þýskuprautin“ var fyrst haldin 1990 að frumkvæði Oddnýjar G. Sverrisdóttur, prófessors í þýsku. Að þessu sinni tóku þátt í keppninni um 75 nemendur úr framhaldsskólum vítt og breitt um landið. Þýska ríkið veitti nemendum í þremur efstu sætunum vegleg verðlaun.

Stuttmyndakeppni var haldin í þriðja sinn. Þrjár bestu myndirnar í keppninni voru sýndar og höfundar þeirra verðlaunaðir.

Vika rúmenskrar tungu: Tungumálanámskeið og kvikmyndahátíð

SVF og námsleið í ítölsku stóðu fyrir viku rúmenskrar tungu dagana 14.–18. maí. Þriggja daga tungumálanámskeið var haldið undir leiðsögn Marinelle Lorinzi frá Cagliari-háskólanum og í kjölfarið voru sýndar fjórar kvikmyndir frá Rúmeníu.



Frá tilnefningu til íslensku þýðingaverðlaunanna.

Kristín Guðrún Jónsdóttir tilnefnd til íslensku þýðingaverðlaunanna 2012

Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, var tilnefnd til íslensku þýðingaverðlaunanna 2012 fyrir þýðingu sína á örsögusafninu *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur* eftir Augusto Monterroso sem út kom hjá Bjarti á árinu.

Í umfjöllun á vefsíðu Bandalags þýðenda og túlka segir m.a.: „Mikill fengur er að því að hafa á síðustu árum fengið að kynna breiðara litrófi bókmennta rómönsku Ameríku á íslensku. Örsögur þessa heimshluta eru sérstakur kapítuli heimsbókmenntanna [...] „*Svarti sauðurinn*“ og aðrar fabúlur samnefndrar bókar njóta sín [...] með ágætum í íslensku þýðingunni sem er unnin af mikilli nákvæmni en lætur sögurnar samt hljóma sem íslenskar væru og halda hita sem og sérkennilegri kaldhæðni uppruna síns.“



Frá opnun fræðslu- og ljósmyndasýningar um Hírosíma og Nagasaki í Listasafni Reykjavíkur: Sæunn Stefánsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu rektors Háskóla Íslands, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, og Anna María Benediktsdóttir, verkefnisstjóri SVF.





Fræðslu- og ljósmyndasýning um Hírósíma og Nagasaki

Ljósmynda- og fræðslusýning um kjarnorkuvá og afleiðingar sprengnanna sem varpað var á Hírósíma og Nagasaki í ágúst 1945 var opnuð í Borgarbókasafni Reykjavíkur 9. ágúst og á Háskólatorgi þann 18. september. Sýningin kom til Íslands frá Nagasaki-minningarsafninu sem hefur það hlutverk að varðveita minningu þeirra sem létust vegna kjarnorkuárásanna á Nagasaki og Hírósíma og stuðla að útrýmingu kjarnavopna með fræðslu og upplýsingamiðlun. Í tengslum við opnun sýningarinnar kom m.a. til landsins Inosuke Hayasaki, sem lifði af árásina á Nagasaki. Sýndar voru teikningar hans og hann sagði frá reynslu sinni.

Sýningin var haldin í samvinnu SVF, utanríkisráðuneytisins, Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Menningarhússins Hofs, Íslensk-japanska félagsins, Samstarfshóps friðarhreyfinga, Takanawa ehf., sendiráðs Íslands í Japan og sendiráðs Japans á Íslandi.

Sýningin var sett upp á fjórum stöðum á Íslandi og heimsóttu hana um 11.200 gestir á fjórum mánuðum. Þar af voru um 1.900 skólanemendur af öllum skólastigum, efstu bekkjum grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, sem unnu verkefni í tengslum við hana undir leiðsögn kennara sinna. Það var mat forsvarsmanna japanska safnsins Nagasaki National Peace Memorial Hall for the Atomic Bomb Victims að sýningin á Íslandi væri meðal þeirra best heppnuðu sem safnið hefði staðið fyrir utan Japans. Veg og vanda af sýningunni, uppsetningu og annarri framkvæmd höfðu Anna María Benediktsdóttir, verkefnisstjóri hjá SVF, og Margrét S. Björnsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild.



Auður Hauksdóttir við opnun sýningarinnar á Háskólatorgi.



Inosuke Hayasaki.



Nemendur á sýningunni á Háskólatorgi.



Kvikmyndasýningar

Erlendar kvikmyndir eru gjarnan sýndar á vegum námsleiða við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og eru þær sýningar opnar almenningi. Þannig er Konfúsíusarstofnunin Norðurljós með reglubundnar sýningar yfir vetrartímann á kínverskum kvikmyndum í húsnæði háskólans.

Í apríl og maí voru haldnir miðamerískir kvikmyndadagar en þar gafst tækifæri til að fræðast um menningu og þjóðlíf þessara lítt þekktu landa og fólkið sem þar býr. Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, setti kvikmyndadagana fimmtudaginn 12. apríl. Sem fyrr segir, efndi námsleið í ítölsku til rúmenskra kvikmyndadaga í maí. Einnig stóðu námsleiðir í ítölsku og japönsku fyrir reglulegum kvikmyndasýningum á haustmisseri.

Ársfundur – ný stjórn SVF

Ársfundur Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var haldinn föstudaginn 11. maí. Auður Hauksdóttir forstöðumaður kynnti skýrslu stjórnar og lagðir voru fram ársreikningar. Á grundvelli nýrra reglna tilnefndi fundurinn formann og þrjá meðstjórnendur í stjórn, sem og tvo varamenn. Auður Hauksdóttir var kosin formaður nýrrar stjórnar og Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir meðstjórnendur, en þau Sigurður Pétursson og Oddný G. Sverrisdóttir til vara. Aleksandra Maria Cieslinka, doktorsnemi í þýðingafraeðum, var tilnefnd í stjórn af Félagi doktorsnema. Á grundvelli þessara tilnefninga skipaði forseti Hugvísindasviðs í framhaldinu stofnuninni stjórn til þriggja ára, eða til vorsins 2015.

Á ársfundinum var gerð grein fyrir starfi ritnefndar og nýútkomnu ársriti stofnunarinnar, *Milli mála*. Ritnefnd hefur lyft grettistaki í útgáfumálum og voru nefndarmönnum færðar bestu þakkir fyrir störf sín. Einnig var fagráðsmönnum þakkað óeigingjarnt starf. Forstöðumaður nefndi sérstaklega framlag Gauta Kristmannssonar og Oddnýjar G. Sverrisdóttur, sem höfðu setið í fagráðinu frá því að stofnunin var sett á laggirnar haustið 2001. Þá þakkaði forstöðumaður Halldóru Ingvadóttur mikilvægt framlag hennar, sem og verkefnisstjóra SVF.

Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Á árinu 2012 veitti Arion banki Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum styrk að upphæð 1 milljón króna og auk þess styrkti Íslandsbanki starfsemi stofnunarinnar með 1 milljónar króna framlagi.



Starfsfólk og meðlimir í stjórn SVF við undirskrift samstarfssamnings við Arion banka: Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor, Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri, Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt, Birna Arnbjörnsdóttir prófessor og Aleksandra Maria Cieslinka doktorsnemi.



Frá undirskrift samstarfssamnings við Arion banka: Frú Vigdís Finnbogadóttir ásamt Monicu Caneman, formanni stjórnar Arion banka, Höskuldi H. Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, og Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands.

Þann 19. desember var undirritaður samstarfssamningur um tveggja milljóna króna árlegt framlag Arion banka til SVF á árunum 2013–2015. Styrknum skal varið til undirbúnings alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar. Samningur um styrkinn var undirritaður af Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Höskuldi Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, og vottaður af frú Vigdís Finnbogadóttur og Monicu Caneman, stjórnarformanni Arion banka, í Háskóla Íslands.

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að renna stoðum undir starfsemi stofnunarinnar.

Formaður stjórnar styrktarsjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Aðrir í stjórn sjóðsins eru Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi bankastjóri, Hrönn Greipssdóttir, forstöðumaður Faktoring, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, stjórnarformaður Hannesarholts, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason, stjórnarformaður Icelandair, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

Ráðist var í fjáröflunaráttak snemma árs fyrir Styrktarsjóðinn og lögðu eftirtalin fyrirtæki stofnuninni lið með 90 þúsund króna framlagi hvert:

Bláa lónið hf., Borgun hf., CCP hf., Hagar hf., HB Grandi hf., IKEA á Íslandi – Miklatorg hf., Loðnuvinnslan hf., Mannvit hf., MP banki hf., N1 hf., Nýherji hf., Ólíuverslun Íslands hf., Reiknistofa bankanna hf., Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf.

Í nóvember tilkynnti Styrktarsjóður SVF um styrkveitingu, samtals að upphæð 1,9 milljónir króna, til að standa straum af kostnaði við útgáfu eftirfarandi rita:

- *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu.*
- *Murder in the Cathedral.* Tvímála útgáfa á leikverki T.S. Eliot, með fræðilegum inngangi. Þýðinguna gerði Karl Guðmundsson en Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í ensku, ritar inngang. Ritstjóri er Ingibjörg Ágústsdóttir.
- *Danskan. Lykill Íslendinga að háskólanámi* eftir Auði Hauksdóttur, dósent í dönsku.



Starfsfólk

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 42 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 14 erlend tungumál og stunda fræðimenn stofnunarinnar rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum.

Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:



Annemette Hejlsted er lektor í dönskum bókmenntum.

Annemette lauk meistaraþrófi í norrænum bókmenntum frá Kaupmannahafnarháskóla og doktorsnámi í norrænum bókmenntum frá Syddansk Universitet.

Rannsóknasvið hennar eru einkum frásagnarlist, skáldskapur og bókmenntagreinar, t.d. stelpubókmenntir (e. chick-lit) og glæpasöguformið, en einnig póstmóðernismi og norrænir rithöfundar eins og Karen Blixen, Edith Södergran og Kerstin Ekman. Í bígerð er bók sem hefur að geyma smásögur danskra kvenna á 20. og 21. öld (Raddir frá Danmörku) í samvinnu við Þórhildi Oddsdóttur.

Frá 1990 til 2012 hefur hún kennt í dönskum háskólum og kennaraháskólum, bæði bókmenntafræði og ýmsar greinar innan skáldskaparfræða, einkum bókmenntir og kvikmyndir.



Auður Hauksdóttir er dósent í dönsku máli og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður lauk doktorsnámi í dönsku máli frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand. mag.-gráðu í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-gráðu í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.


Bók Auðar um rannsókn hennar á dönskukunnáttu íslenskra námsmanna í framhaldsnámi í Danmörku kom nýlega út í ritröðinni Københavnerstudier í tosprogethed, sem Kaupmannahafnarháskóli stendur að. Nú vinnur hún að nýrri bók um rannsóknina, sem gefin verður út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Undanfarin ár hefur Auður unnið að samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum á dönsku og íslensku og í samvinnu við aðra að þróun máltækisins www.frasar.net. Einnig hefur Auður fengist við rannsóknir á sögu danskrar tungu og menningar á Íslandi.



Ásdís R. Magnúsdóttir er prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble 3) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA frá sama skóla árið 1993, maîtrise árið 1992 og licence-gráðu 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franska bókmennta: miðaldabókmenntir, miðaldaskáldsagan, riddarasögur, þýðingar og smásögur.

Ásdís vinnur að íslenskri þýðingu á *Lancelot ou le Chevalier de la charrette* (*Lancelot eða kerruriddaranum*) eftir Chrétien de Troyes og þremur ritgerðasöfnum (*L'Envers et l'Endroit*, *Noces*, *L'Été*) eftir Albert Camus sem gert er ráð fyrir að komi út árið 2014. Hún er þátttakandi í verkefninu „Raddir kvenna – Smásögur“ og vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfundar (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar o.fl.). Hún er þátttakandi í verkefninu „Histoires des Breagnes: La 'matière de Bretagne' – racines, sources et représentations“ og vinnur m.a. að rannsóknum á miðaldarþýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“.



Ásta Ingibjartsdóttir er aðjunkt í frönskum fræðum.


Ásta lauk meistaraþrófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Ritgerðin fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.

Birna Arnbjörnsdóttir er prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraþrófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri Icelandic Online frá upphafi og stýrt þróun The English Game. Hún stýrir þriggja ára rannsóknaverkefni um stöðu ensku á Íslandi. Verkefnið er þverfaglegt samvinnuverkefni fræðimanna af Hugvísindasviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er styrkt af RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Birna vinnur að rannsókn á notkun ensku í háskólastarfi og áhrifum á tileinkun námsefnis og notkun íslensku. Þá vinnur hún að rannsókn á magni enskuílags í íslensku málumhverfi.





Erla Erlendsdóttir er dósent í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraþrófi frá sama háskóla 1999 og Magister Artium frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum (Lusitanistik) við Ludwig-Maximilians-háskólann í München (Zwischenprüfung 1993) og lauk Zwischenprüfung frá Georg-August-háskólanum í Göttingen árið 1986.

Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókafræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landafundina.

Um þessar mundir vinnur hún að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Einnig er í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (Raddir frá Spáni), sem og fræðileg útgáfa á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefninu „Tengsl Spánar og Íslands í gegnum tíðina“.



Eyjólfur Már Sigurðsson er deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.


Eyjólfur lauk meistaraþrófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.

François Heenen er aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989 og MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að undirbúa nýja rannsókn á tvöföldunarnútiðarmyndun sagnorða í vedísku. Einnig heldur hann áfram rannsókn á þýðingu ýmissa sagnformdeilda úr frönsku yfir á íslensku.





Gauti Kristmannsson er prófessor í þýðingafraeði.

Gauti lauk BA-gráðu í ensku við Háskóla Íslands 1987 og hlaut löggildingu sem skjalapýðandi og dómtúlkur sama ár. Hann lauk meistaraþrófi í skoskum bókmenntum frá Edinborgarháskóla árið 1991 og doktorsnámi í þýðingafraeði, ensku, þýsku og menningarfélagsfraeði frá Johannes Gutenberg-háskólanum í Mainz/Germersheim árið 2001.

Að undanfögnu hefur Gauti unnið að undirbúningi og uppsetningu þverfaglegar námsleiðar í nytþáþýðingum á meistarastigi þar sem kennsla hófst á haustmisseri 2011 og einnig að undirbúningi nýrrar námsleiðar í ráðstefnutúlkun á meistarastigi.

Rannsóknasvið Gauta eru almenn þýðingafraeði, enskar og þýskar bókmenntir, upplýsingin í Evrópu, þýðingasaga, málstefna á Íslandi og annars staðar og íslenskar samtímabókmenntir.



Geir Sigurðsson er dósent í kínverskum fræðum.

Geir lauk doktorsnámi í heimspeki með áherslu á kínverska heimspeki frá Havái-háskóla í Bandaríkjunum árið 2004. Á árunum 2001–2003 stundaði hann nám í kínversku og heimspeki við Renmin-háskóla í Peking í Kína og 1998–1998 kínverskunám við Háskólann í Kiel í Þýskalandi. Hann lauk meistaraþrófi í heimspeki frá Cork-háskóla á Írlandi árið 1997 og BA-gráðu í heimspeki og félagsfraeði frá Háskóla Íslands árið 1994.

Rannsóknir Geirs snúast öðru fremur um samanburð á kínverskri og vestrænni heimspeki og taka einkum á menntun, siðfraeði, einstaklingsþroska og lífslist. Á seinni árum hefur áhersla hans verið á konfúsíanismu, daoisma, fyrirbærafraeði og þýsku hughyggjuna.



Geir Þórarinn Þórarinsson er aðjunkt í grísku og latínu.

Geir lauk meistaraþrófi í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og vinnur að doktorsritgerð við sama skóla. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.



Gro Tove Sandmark er sendikennari í norsku.

Gro Tove lauk cand. philol.-þrófi í norrænum fræðum frá Óslóarháskóla árið 1996 og B. phil. Isl. frá Háskóla Íslands árið 1997. Sérsvið hennar eru norskar bókmenntir.

Hún hlaut á árinu 2011 „førstelektorkompetance“ við Høgskolen i Telemark. Rannsóknasvið hennar eru norskar og íslenskar bókmenntir, kynjafraeði og þýðingar.

Gro Tove sat í skipulagsnefnd barnabókmenntahátíðarinnar „Matur úti í Mýri“ og var ábyrg fyrir norskum dagskrárlíðum á þeirri hátíð. Hún var einnig stjórnandi norrænu málstofunnar á hátíðinni.




Guðrún Björk Guðsteinsdóttir er prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í enskum bókmenntum árið 1993, meistaraþrófi frá Alberta-háskóla árið 1985 og BA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1982.


Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku. Guðrún er fyrrverandi formaður og nú varaformaður Nordic Association for Canadian Studies (NACS) á Íslandi. Hún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem hefst í samvinnu milli ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands haustið 2013.





Guðrún Kristinsdóttir er verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Guðrún nam leiklist í París, lauk BA-gráðu í frönsku og almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands 1997 og MBA-gráðu við ESCP Europe viðskiptaháskólann í París 2003. Hún hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður með franska ferðamenn, kennari hjá Alliance française í Reykjavík, verið umsjónarmaður sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands, svæðisstjóri í Frakklandi fyrir Ferðamálaráð Íslands, verkefnisstjóri á viðskiptaskrifstofu sendiráðs Íslands í París, aðstoðarmaður við rannsóknir á rannsóknamiðstöð Harvard Business School í Evrópu, sem er til húsa í París, og verið aðstoðarmaður þingkonu í neðri deild franska þingsins.



Gunnella Þorgeirsdóttir er aðjunkt í japönsku.

Gunnella lauk meistaraþrófi í þjóðfræði frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2006 og er hún nú doktorsnemi við sama skóla í Austur-Asíufræðum. Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisiði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi og nam Gunnella við Kokugakuin-háskóla í Tókýó 2006–2008 meðan á rannsókninni stóð.

Aðaláherslur í rannsóknum hennar eru japanskir þjóðhættir og hátíðir, þjóðfræði samtímans, flökkusagnir og kímnigáfa.




Hafdís Ingvarsdóttir er prófessor í menntunarfræði/kennslufræði við Menntavísindasvið, með kennslu erlendra tungumála sem sérsvið.

Hafdís lauk doktorsnámi í menntunarfræði með áherslu á enskukennslu frá Reading-háskóla í Bretlandi árið 2003 og meistaraþrófi í hagnýtum málvísindum frá sama skóla 1993. Hún stundaði framhaldsnám í dönsku máli og bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla 1969–1971 og lauk BA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1968 í dönsku og sögu.

Í rannsóknum sínum hefur Hafdís einkum beint sjónum að menntun tungumálakennara, tungumálanámi og tungumálakennslu. Hún hefur einnig sérhæft sig í eigindlegri aðferðafræði og starfendarannsóknum. Hafdís vinnur að rannsókn á viðhorfum kennara og nemenda við lok grunnskóla til ensku og rannsókn á notkun ensku í háskólastarfi. Einnig stundar hún rannsóknir á viðhorfum tungumálakennara til breytinga á kennsluháttum.

Hafdís var fyrsti formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi.



Hólmfríður Garðarsdóttir er prófessor í spænsku og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntum og spænsku með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku frá Texasháskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraþrófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988.

Rannsóknasvið hennar er kvikmyndasaga og kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans, bókmenntir minnihlutahópa í Mið-Ameríku með sérstakri áherslu á bókmenntir frá Karíbahafsstönd landa eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja.





Hrefna Ingólfssdóttir er verkefnisstjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Hrefna lauk MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007 og BA-gráðu í stjórnmálafræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands 1990. Hún hefur yfir 20 ára reynslu af kynningarmálum, almannatengslum, fjárfestatengslum og markaðsmálum.



Ingibjörg Ágústsdóttir er lektor í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Doktorsverkefni hennar fjallaði um skoska rithöfundinn Robin Jenkins. Hún lauk meistaraprófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-gráðu í ensku frá Háskóla Íslands árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19. og 20. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld og fram til dagsins í dag.

Ingibjörg vinnur um þessar mundir að bók um Robin Jenkins auk þess sem hún rannsakar meðhöndlun sögulegra bókmennta og kvikmynda á sögu Maríu Stúart Skotadrottningar.



Irma Erlingsdóttir er lektor í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París, DEA-prófi í samtímabókmenntum frá Université Paris 8 (Vincennes), meistaraprófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður RIKK, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, og gegnir enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur framkvæmdastjóri EDDU – öndvegisseturs og Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) við Háskóla Íslands, en báðum verkefnum var ýtt úr vör árið 2009.



Jessica Guse er sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica nam þýskar bókmenntir, miðaldasögu og listasögu á árunum 2001–2009 og lauk meistaraprófi frá Technische Universität Berlin.

Hún hefur skilað inn lokaritgerð í meistaránámi í þýsku sem öðru máli og menningarmiðlun við Freie Universität Berlin.

Jessica dvaldi við nám og þýskukennslu við Háskólann í Gautaborg veturinn 2010–2011.



Jia Yucheng er sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Hann gegnir stöðu dósentis við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína.

Jia kennir kínversku og kínverska málnotkun. Hann lauk MA-gráðu í þýðingafræði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2002.



Jón Egill Eypórsson er aðjunkt í kínverskum fræðum.

Jón Egill lauk meistaraprófi í kínverskum fornfræðum frá Zhejiang-háskóla í Hangzhou í Kína árið 2006. BA-gráðu lauk hann í sömu grein frá Shinshu-háskóla í Japan árið 1996.

Rannsóknasvið hans eru kínverskar fornfræðir með áherslu á frumstæð kínversk trúarbrögð og heimsmyndarfræði.





Julian Meldon D'Arcy er prófessor í enskum bókmenntum.


Julian lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraprófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Julian að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum.



Kristín Ísleifsdóttir er aðjunkt í japönsku.

Kristín undirbýr þriðja árs nema sem halda til náms í Japan og sér um samskiptin við þá, auk þess sem hún sinnir nemendum sem vinna að BA-ritgerð sinni. Kristín er auk þess í hlutastarfi við kennslu á myndlistarnámskeiðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Kristín Guðrún Jónsdóttir er aðjunkt í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraprófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981–1982 og nám í spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979–1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásagan og örsagan í Rómönsku Ameríku, bókmenntir spænskumælandi eyja Karíbahafs og þýðingar.


Um þessar mundir vinnur Kristín að tveimur þýðingaverkefnum: úrvalssafni örsagna frá Rómönsku Ameríku og safni mexíkóskra smásagna. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefninu „Tengsl Spánnar og Íslands í gegnum tíðina“. Bók hennar um alþýðudýrlinga í Mexíkó er rétt útkomin í Mexíkó hjá rannsóknastofnuninni El Colegio de la Frontera Norte.



Lars-Göran Johansson er sendikennari í sænsku.


Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsöllum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



Liu Kailiang er sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Liu lauk MA-gráðu í almennum málvísindum frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2003. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Liu kennir kínversku og kínverska texta.



Magnús Björnsson er forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í alþjóðastjórn málum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðaþjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.





Magnús Fjalldal er prófessor í ensku.

Magnús lauk doktorsnámi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla árið 1985. Hann hafði áður lokið cand.mag.-prófi í ensku og BA-gráðu í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið hans hefur aðallega verið enskar og íslenskar miðaldabókmenntir.

Um þessar mundir er Magnús að rannsaka þýðingar Einars Benediktssonar á enskum og bandarískum ljóðskáldum.



Magnús Sigurðsson er aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraprófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983.

Rannsóknáhrugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.



Marlene Ørnstrup Petersen er aðjunkt í dönsku.

Marlene lauk meistaraprófi í norrænum tungumálum og bókmenntum og ensku frá Árósháskóla í Danmörku árið 2007.

Meðal kennslugreina hennar eru dönsk bókmenntasaga og danskar samtímabókmenntir.



Martin Regal er dósent í ensku.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis (UCD) 1991, meistaraprófi í ensku frá sama háskóla 1983, og BA-gráðu frá Reading-háskóla, 1975.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði leikbókmennta en á síðustu árum hefur hann unnið við verkefni um kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg íslensk forn- og nútímabókmenntaverk, auk annarra verka. Um þessar mundir er hann að ljúka bók um harmleikinn sem bókmenntagrein og undirbúa þýðingar sínar á ljóðum Sigurðar Pálssonar til útgáfu.

Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976, en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum og við Stokkhólmsháskóla.



Michele Broccia er sendikennari í ítölsku.

Michele lauk meistaraprófi í enskum nútímabókmenntum frá Telematica Guglielmo Marconi-háskólanum í Róm árið 2009 en áður hafði hann lokið meistaraprófi í kennslufræðum frá sama háskóla. Michele er frá Sardiníu og þar lauk hann háskólanámi 1990 með áherslu á erlend tungumál og bókmenntir og fékk kennsluréttindi. Rannsóknir hans snúa að ítalskri tungu og málvísindum, sardínsku og bókmenntum.




Oddný G. Sverrisdóttir er prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samantvívísinda, einkum á sviði orðtakafræði (fraseólógíu), svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðaþjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn um notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.






Pétur Knútsson er dósent í ensku.

Pétur lauk BA-gráðu í fornensku frá Cambridge-háskóla í Englandi 1964, meistaraprófi frá sama háskóla 1968, B. phil. Isl.-prófi frá Háskóla Íslands 1968 og doktorsnámi frá enskudeild Kaupmannahafnarháskóla 2004.

Rannsóknasvið Péturs eru enskar og íslenskar miðaldabókmenntir.

